

Samningur

**mennta- og menningarmálaráðuneytis við Landssamtök íslenskra stúdenta
um framlag vegna starfsemi árið 2017**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Landssamtök íslenskra stúdenta, kt. 500714-0420, í samningi þessum nefnt LÍS, gera með sér svofelldan samning um starfsemi og þjónustu LÍS.

1. Markmið og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að:

- stuðla að öflugum samstarfsvettvangi háskólastudenta.
- LÍS sé öflugur tengiliður stjórvalda við íslenska háskólastudenta í umræðu um skipulag háskólakerfisins og stefnumótun.

1.2. Starfsemi

- **Hagsmunagæsla stúdenta:** Að standa vörð um hagsmuni stúdenta hérlendis sem og hagsmuni íslenskra stúdenta á alþjóðavettvangi, skapa samstarfsvettvang fyrir íslensk stúdentafélög, taka þátt í alþjóðlegu samstarfi og vinna að hagsmunum stúdenta á alþjóðavísu, vinna að samræmingu gæðastarfs og stuðla að jöfnu aðgengi að háskólanámi.
- **Samskiptavettvangur:** Vera öflugur samráðs- og samskiptavettvangur stjórvalda við stefnumótun á málefnasviði háskóla og vísinda.
- **Nefndaþátttaka:** Taka virkan þátt í starfi ýmissa nefnda og ráða svo sem Nýsköpunarsjóði námsmanna, Ráðgjafanefnd Gæðaráðs íslenskra háskóla, Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema, Gæðaráði íslenskra háskóla og fl.
- **Verkefnabréttakar:** Taka þátt í ýmsum verkefnum á sviði háskólamenntunar svo sem Eurostudent könnun, The Bologna Reform in Iceland (Bore II) og fl.
- **Alþjóðasamstarf:** Taka þátt í starfi European Students' Union með þátttöku á European Students' Convention, Nordic Organizational Meeting (NOM), European Students' Union Board Meeting og fl.
- **Viðburðir:** Skipulagning og yfirumsjón viðburða svo sem landsþings LÍS, málþinga tengdum málefnum stúdenta og fl.

2. Forsendur samnings og lagaheimildir

- 2.1. Framlag ríkisins til samnings þessa er kr. 5 milljónir árið 2017.
- 2.2. LÍS starfar samkvæmt lögum LÍS sem samþykkt voru á landsþingi LÍS 2017.
- 2.3. LÍS starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á; eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.

3. Ábyrgð styrkþega

- 3.1. LÍS ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. LÍS skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. LÍS ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3. LÍS er óheimilt að:



- 3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendor þriðja aðila.
- 3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

- 4.1. Ráðuneytið greiðir framlag ársins 2017 sem hér segir:
 - 4.1.1. Í framhaldi af undirritun samnings þessa greiðist 50%, 20% 1. október 2017, 20% 1. desember 2017 og 10% 1. febrúar 2018 í framhaldi af skilum greinagerðar og fjárhagsuppgjörs samkvæmt ákvæði gr. 5.2. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka LÍS nr. 0133-26-500714.
- 4.2. Eigi LÍS í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda hans, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Fyrir lok janúar 2018 skilar LÍS ráðuneytinu greinargerð ásamt fjárhagslegu uppgjöri um framkvæmd samningsins.
- 5.3. LÍS skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 5.4. LÍS veitir ráðuneytinu upplýsingar og gögn sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins.
- 5.5. Samning þennan, greinargerð um framkvæmd samningsins skal birta á vef LÍS jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 5.6. LÍS setur á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir verkefnisins, svo sem skýrslur, leiðbeiningar og áætlunar.


6. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.1. LÍS tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á um að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir stofnunin frá úrræðum sem hún hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli LÍS ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2017.
- 7.2. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík 19. september 2017


Meista- og menningarmálaráðherra
Kristján Þór Júliusson


Landssamtök íslenskra stúdenta
Aldís Mjöll Geirsdóttir, formaður

